

LEIKSKÓLI Í URRIÐAHOLTÍ

HÖNNUNARSAMKEPPNI
Dómnefndarálit

Maí 2021



Verkkaupi:  GARDABÆR

Samstarfsaðili  ARKITEKTAFÉLAG
ÍSLANDS

INNGANGUR

Haustið 2020 samþykkti bæjarstjórn Garðabæjar að efna til samkeppni í samstarfi við Arkitektafélag Íslands um hönnun nýs leikskóla í Urriðaholti. Urriðaholt er eitt nýjasta hverfi Garðabæjar þar sem íbúðabyggð er í örum vexti. Hátt í 2500 manns búa nú í hverfinu og gert er ráð fyrir allt að 4500 íbúum í Urriðaholti þegar það verður fullbyggt. Skólinn skal verða sex deilda leikskóli við Holtsveg, neðan götu þar sem lóð opnast út að grænu svæði sem liggur frá efri hluta holtins niður í átt að vatninu og Kaupúni. Áætluð heildarstærð leikskólans er um 1.400 m² og stefnt er að því að byggingin verði vistvottuð.

Í uppbyggingu Urriðaholts hefur verið mikil áhersla á að byggðin sé umhverfisvæn og í góðum tengslum við náttúruna í kring. Urriðaholt var fyrsta hverfið á Íslandi til að fá vistvottun skipulags samkvæmt vottunarkerfi „BREEAM Communities“ sem er ætlað að tryggja lífsgæði og umhverfisvernd með vistvænu skipulagi byggðarinnar. Sjálfbærar ofanvatnslausnir eru í hverfinu sem eru fyrstu sinnar tegundar í íbúabyggð á landinu. Þó að stutt sé í náttúruna úr Urriðaholti liggur hverfið vel við í góðar samgönguæðar.

Fyrsta verkefni dómnefndar var að semja samkeppnislýsingu. Í samkeppnislýsingu var m.a. farið yfir tæknileg atriði og lýsingar en einnig helstu áhersluatriði dómnefndar við mat á úrlausnum, atriði eins og heildarlausn og hugmyndafræði, byggingarlist í húsnæði og hönnun útisvæðis og umhverfis, sjálfbærni og kostnaðargát, hvernig skólinn og umhverfið sé hannað og uppfylli sem best væntingar til leiks, náms, velferðar og aukins þroska barna.

Skilafrestur tillagna var til 26. apríl 2021 og alls bárust tíu tillögur. Dómnefnd þakkar þátttakendum fyrir ríkulegt framlag til uppbyggingar leikskólans í Urriðaholti í Garðabæ.

DÓMNEFND

Dómnefnd skipuðu eftirtaldir aðilar:

Tilnefndir af Garðabæ:

Áslaug Hulda Jónsdóttir, bæjarfulltrúi og formaður bæjarráðs Garðabæjar.
Hrefna Gunnarsdóttir, deildarstjóri í Urriðaholtsskóla
Kristjana Fjóra Sigursteinsdóttir, formaður leikskólanefndar Garðabæjar

Tilnefndir af Arkitektafélagi Íslands:

Freyr Frostason, arkitekt FAÍ, THG-Arkitektar
Sigurður Einarsson, arkitekt FAÍ, Batteríð Arkitektar

Ritari dómnefndar var: Arinbjörn Vilhjálmsson arkitekt, skipulagsstjóri Garðabæjar

Trúnaðarmaður samkeppninnar var: Helga Guðjónsdóttir starfsmaður AÍ

NIÐURSTAÐA DÓMNEFNDAR

Samkeppnin var hönnunarsamkeppni, opin öllum sem uppfylltu skilyrði samkeppnislýsingar. Hún var auglýst á vef Garðabæjar og á vef Arkitektafélags Íslands. Skilafrestur var til 26. apríl 2021.

10 tillögur bárust og voru þær allar metnar.

Dómnefnd leitaði einkum eftir snjöllum hugmyndum með það að meginmarkmiði að finna tillögu sem leysti viðfangsefnið á heildstæðan hátt með vandaðri og góðri byggingarlist. Einnig að tillagan væri í samræmi við áherslur sem fram komu í samkeppnislýsingu.

Ákveðið var að veita þremur tillögum verðlaun og einni tillögu viðurkenningu með innkaupum. Allar vinningstillögur svara væntingum sem lýst er í keppnislýsingu, en niðurstaða dómnefndar er að veita 1. verðlaun tillögu merkt 3118293 og mælir með henni til frekari útfærslu.

Niðurstaða dómnefndar er:

Vinningstillögur:

1. verðlaun, kr. 4.500.000, tillaga auðkennd *3118293*
2. verðlaun, kr. 3.000.000, tillaga auðkennd *Í grænni lautu*
3. verðlaun, kr. 1.500.000, tillaga auðkennd *67238*

Innkeypt tillaga:

Innkaup, kr. 1.000.000, tillaga auðkennd *17417*

DÓMNEFNDARÁLIT

Garðabær hefur lagt mikla áherslu á öfluga leik- og grunnskóla í sveitarfélaginu þar sem nemendur fá að njóta sín, vaxa og dafna. Námsumhverfi skal skipulagt með þarfir leikskólastarfsins í huga, notagildi og sveigjanleika. Jafnframt skulu fagurfræðilegir þættir dregnir fram í skólabyggingum og umhverfi þeirra.

Lögð hefur verið áhersla á valfrelsi íbúa í Garðabæ til að velja sér skóla og um leið skapa skólum í sveitarfélaginu aukið svigrúm til fjölbreytni og sérstöðu. Skólinn þarf að henta fjölbreyttum hópum sem að leikskólastarfinu koma og mikilvægt að það geti tekið breytingum í takt við tíðarandann og áhugasvið þeirra sem þar starfa.

Garðabær vinnur að innleiðingu Barnasáttmála Sameinuðu þjóðanna í þeirri vegferð að verða enn barnvænlegra samfélag þar sem hvert barn fær að njóta sín. Að auki hefur sveitarfélagið gert samning við Embætti landlæknis um að vera heilsueflandi samfélag.

Garðabær hefur lagt mikla áherslu á tengsl íbúa við umhverfi og náttúru. Umhverfisvitund er hluti af hinu daglega lífi bæjarbúa og lífsgæðum. Virðing og tengsl við umhverfið og náttúruna gegnir því lykilhluverki. Mikilvægt er að geta notið friðsældar og þeirrar náttúru sem er við lóðarmörk skólans. Umhverfi leikskóla þarf að vera öruggt, heilsusamlegt og aðlaðandi. Metnaðarfullt deiliskipulag fyrir Urriðaholt verður ramminn fyrir þennan nýja leikskóla.

Garðabær hefur unnið að því að bjóða börnum dvöl í leikskóla þegar þau ná 12 mánaða aldri og má því gera ráð fyrir börnum í skólanum frá aldrinum eins árs til sex ára.

Horfa þarf til allra þátta þannig að hvert barn fái að njóta sín.

Dómnefnd lagði höfuðáherslu á eftirfarandi atriði við mat sitt á úrlausnum keppenda:

- Börn í aðalhlutverki:** Skólinn og umhverfi hans sé hannað fyrir börn og uppfylli sem best væntingar til leiks, náms, velferðar og aukins þroska barna. Umhverfið sé örvandi og gefi tækifæri til að læra í gegnum leik. Skólinn er griðarstaður þar sem börn finna til öryggis og geta verið í ró.
- Sveigjanleiki og fjölbreytni:** Húsnæðið þarf að bjóða upp á sveigjanleika í rýmum sem styður við frelsi og val barna til athafna. Í leikskólanum á að vera hægt að leika og starfa í stórum jafnt sem litlum hópum.
- Útisivæði og tengsl við umhverfi:** Leikskólalóðin á að vera félagslegur og námslegur vettvangur sem getur nýst íbúum hverfisins utan opnunartíma leikskólans. Samspil útisivæða og byggingar sé gott og taki mið af umhverfisþáttum og nýti tengslið við Urriðavatnið og umhverfi þess..
- Framúrskarandi starfsfólk:** Skólinn skal skapa eftirsóknarvert starfsumhverfi sem laðar að framúrskarandi starfsfólk.
- Sérstaða Urriðaholts:** Umhverfissjónarmið, sjálfbærni og vistvæn hönnun verði höfð að leiðarljósi við hönnun og efnisval.
- Kostnaðargát og hagkvæmni:** Viðhöfð verði kostnaðargát við gerð tillögunnar, jafnt í rýmisnýtingu, efnisvali, byggingaraðferðum og rekstri byggingarinnar.
- Byggingarlist:** Tillagan feli í sér vandaða byggingarlist sem komi til móts við umhverfisþætti án þess þó að fórna aðgengi eða öryggi notanda.
- Heildarlausn og skýr hugmyndafræði tillögunnar.

Dórnnefnd horfði einnig til eftirfarandi markmiða:

Allt skólafarfi miðar að því að efla þekkingu barnsins og trú á eigin getu. Velliðan barna er forsenda félagslegra tengslamyndunar og árangurs í námi. Skólinn mun rísa í umhverfisvænu hverfi og tengist einstakri náttúru. Það er mikilvægt að hönnun skólans taki mið af umhverfi skólans og það sé hluti af leik- og námssvæði nemendanna.

- Leikskólinn og umhverfi hans þarf að tryggja börnum hvetjandi og öruggt námsumhverfi.
- Umhverfi leikskólans þarf að bjóða uppá áskoranir varðandi nám og hreyfingu. Leikur barna fer fram jafnt inni sem úti og í tengslum við náttúruna allt í kring.
- Öll námssvæði leikskólans eiga að veita börnum öryggistilfinningu og ró.
- Rými þarf að bjóða upp á að börn geti leikið sér í mismunandi stórum hópum.

Almennt um tillögurnar

Viðfangsefni samkeppninnar er í senn margþætt og vandasamt úrlausnar. Dórnnefnd er sammála um að innsendar tillögur hafi varpað skýru ljósi á möguleika lóðarinnar til umgjarðar um skemmtilegan leikskóla og jafnframt sýnt fjölda kosta á uppröðun rýma við þessar gefnu aðstæður. Aðdáunarvert er að djarfar hugmyndir birtast í tillögum þótt þær hafi ekki allar komið til álita til verðlauna eða innkaupa. Þessi ríkulega hugmyndavinna tillöguhöfunda gerði störf dórnnefndar markvissari en ella og auðvelaði val milli mismunandi lausna. Það var gleðiefni að margar tillögur leystu á áhugaverðan og ólíkan hátt mörg mikilvægustu álitamál keppinnar.

Af þeim 10 tillögum sem bárust í keppnina má ráða að deiliskipulag fyrir reitinn er mjög raunhæfur og góður rammi fyrir byggingu nýs leikskóla í Urriðaholti.

Við yfirferð tillagna valdi dórnnefnd þær fjórar tillögur sem fengu verðlaun og innkaup til sérstakrar skoðunar. Eftir þá skoðun komst dórnnefnd að einróma niðurstöðu um uppröðun þessara tillagna í verðlaunasæti.

Hér á eftir mun dórnnefnd fjalla sérstaklega um hverja tillögu fyrir sig og gefa henni umsögn.

SAMKEPPNISTILLÖGUR

1. VERÐLAUN

TILLAGA NR. 5 AUÐKENND: 3118293

HÖFUNDAR: HULDAJÓNS ARKITEKTÚR, SASTUDIO OG EXA NORDIC.

(Hulda Jónsdóttir, Victor Óii Búason, Tiago Sá, Lukas Kalivoda, Inna Ivanova, Rodolfo Coelho og Arnar Björn Björnsson)

Tillagan Urriðaból er heilstæð bygging með skemmtilegu uppbroti í formi sem skapar minni kvarða. Þá sýnir tillagan 5 mismunandi húshluta sem eru með mismunandi hæð og gefur yfirbragð húsaþyrpingar og telur dómnefndin það mikinn kost. Heildarmynd hússins er í takt við deiliskipulag Urriðaholts og sýna útlitsmyndir hvernig byggingin fellur vel að umhverfi og byggingum í næsta nágrenni. Þá skyggir byggingin ekki á útsýni nærliggjandi íbúðarhúsa. Lega hússins í lóð er nokkuð neðarlega og eru bæði tröppur og rampar frá bílastæðum að jarðhæð leikskólans og er húsið nánast hæð neðar en hæðarkóti við götu. Þennan hæðarmismun mætti mýkja og vinna betur.

Útlit leikskólans er vel leyst með mismunandi klæðningum úr áli og timbri með misstórum gluggum, glerflötum og gróðurhúsi við inngang og þykir flæðið í húsinu einstaklega vel leyst.

Leikskólinn er vel skipulagður. Gert er ráð fyrir tveimur inngöngum á jarðhæð sem er jákvætt til að dreifa umferð fólks á háannartíma. Þá er aðkoma að deildum góð og vel rúmt fyrir börnin fyrir framan hverja deild. Endurskoða mætti staðsetningu syðri inngangs þannig að hann þjóni betur starfsemi. Deildirnar eru allar á jarðhæð með góðum tengslum við útisvæði, þó mætti bæta inn rennihurðum beint út á leiksvæði þar sem því verður við komið. Aðkoma vörumóttöku er vel staðsett og aðkoma starfsmanna vel leyst ásamt þjónustu og bakrýmum. Dómnefndinni hugnaðist vel að hafa miðjusettan fjölnotasal í góðum tengslum við gróðurhús og eldhús. Tengingangur leikskólans býður upp á opin og skemmtileg rými með salnum, inngöngum, bókasafni o.fl.

Sjálfar deildirnar eru sannfærandi í hönnun og bjóða upp á ákveðinn sveigjanleika þar sem hvíld og leikur getur átt sér stað í sama rými eftir þörfum. Skoða þarf hvort skipta mætti yngstu deildum í þrjú svæði. Þá er það kostur að hafa starfsmannastöðuna aðskilda og á annari hæð. Þar skapast góður vinnufriður fyrir starfsmenn með vel leystri kaffistofu sem er með aðgengi út á þakgarð.

Yfirbragð hönnunar innanhúss er hlýlegt og uppfyllir kröfur um vistvænar lausnir.

Lóðin er nokkuð vel leyst og sýna útlitsmyndir skemmtileg form og liti í sambland við náttúruleg efni og gróður. Þá er gert ráð fyrir matjurtargarði í tengslum við leiksvæðið. Mikill kostur þykir að hafa útisvæðið heilstætt og í svipaðri hæð og er útisvæði yngstu deildar aðskilið og vel leyst. Hönnun lóðar þykir lifandi og litrík en á sama tíma er hún örugg og góð yfirsýn er fyrir starfsmenn leikskólans yfir útileiksvæðið. Skoða mætti að trappa lóðina aðeins til að lyfta húsinu og milda hæðarmismun við bílastæði og aðkomu að leikskólanum.

Tillagan er í alla staði vel unnin. Hönnun leikskólans og lóðar þykir einstaklega vel heppnuð og var það einróma álit dómnefndar að veita henni 1. verðlaun.



1. VERÐLAUN - Tillaga nr. 5.

2. VERÐLAUN

TILLAGA NR. 8 AUÐKENND: Í GRÆNNI LAUTU

HÖFUNDAR: N7A-NIKOLOVA/AARSØ, TEARK, EINRÚM ARKITEKTAR/EINRUM-FFW OG IKT-LEDERNE APS.

(Jonas Aarsø, Óli Rúnar Eyjólfsson, Alexandra Nikolova, Steffan Iwersen, Símon Ólafsson, Diljá Hilmarsdóttir, Andri Snær Magnason, Snorri Steinn Thordarson og Kristín Brynja Gunnarsdóttir)

Mjög einföld og grípandi heildarhugmynd er mikill og áhugaverður styrkleiki tillögunnar. Ótrúlega vel gengur að láta rýmisáætlunina ganga upp og skapa spennandi rými í þessari stífu geometríu sem hringformið er. Minna sannfærandi er aðlögun byggingarinnar að landi, lóð og skipulagi þar sem byggingin fer langt út fyrir byggingarreit og leikskólalóðin verður frekar sundurslitin. Byggingin er á einni hæð, felld inn í landið einni hæð neðar en bílastæðin. Öll meginrými snúa út úr hringnum en tengigangur tengir saman rýmin allan hringinn að inngarði. Gólfflötur byggingar stallast lítillega með landhalla og eru gólfpletir tengdir með römpum í tengiganginum.

Aðalinngangur er úr norðaustri frá bílastæðum um stakstæða lyftu/geymslubyggingu eða útitröppur. Helsti ókostur tillögunnar felst í aðkomu og gönguleiðum. Til að koma í veg fyrir umferð foreldra og barna á útiskóm í tengigangi þyrftu foreldrar að fara lengri leiðir utanhúss að heimasvæðum en leiðir eru langar þó innri hringur sé valinn að fataherbergjum í suðvestur- og vesturhluta. Eldhús mætti vera nær fjölnotasal sem er mataraðstaða allra eldri barna. Starfsmannarými í ytri hring og tvær heimastofur, einkum sú fyrir yngri börn til austurs, líða fyrir staðsetningu að tröppum umhverfis bygginguna þar sem horft er inn í vegg eða tröppur.

Hringurinn er sterkt form en vandmeðfarið. Höfundum tekst í flestum atriðum vel til að skapa gott innra fyrirkomulag og áhugaverðar nýjungar. Landhallinn veldur hins vegar víða neikvæðum áhrifum á lausnir í tillögunni.

Efnis- og litaval er sérlega áhugavert og þjóðlegt og styður við markmið um sjálfbærni í skipulagi Urriðaholts. Sýnileg notkun KLT eininga fer vel í arkitektúr byggingarinnar og undirstrikar form hennar.

Í tillögunni er leiksvæðum skipt upp í 3 meginsvæði, mjög vel skilgreint og skjólgott svæði í miðju hringsins, leiksvæði á þaki sem í tillögunni er lítið skilgreint nema gróðurþak til leikja og síðan leiksvæði umhverfis hringinn. Það fyrst nefnda lang athyglisverðast með yfirbyggðu svæði og auðvelt til vöktunar, þakið vindasamt og því takmarkaðra til leikja og loks það síðast nefnda sem verður dálítið afgangi í vali hringsins og meira mál að vakta. Í tillögunni leynast þó spennandi tækifæri sem áhugavert væri að þróa frekar eins og t.d. hóllinn upp á þak og þakið. Dómnefnd hefur efasemdir um buslutjörn innan leikskólalóðar.

Mjög áhugaverð og vel unnin tillaga sem myndi henta betur á flatara landi.



2. VERÐLAUN - Tillaga nr. 8.

3. VERÐLAUN

TILLAGA NR. 2 AÚÐKENND: 67238

HÖFUNDAR: SEI STUDIO, LANDMÓTUN OG RÍKHARÐUR KRISTJÁNSSON / RK DESIGN.

Tillagan er í senn einföld í heildarhugmynd sinni og fjölbreytt í innri rýmisskipan byggingarinnar og fyrirkomulagi lóðar. Fall lóðarinnar til suðvesturs er nýtt á ágætan hátt með neðri hæð þar sem byggingarreitur er lægstur og fellur byggingin vel að landi. Formun lóðarinnar spilar þar mikilvægt hlutverk og vel unnið með mismunandi leiksvæði sem eru mótuð samfara stöllum lóðarinnar. Skýr uppskipting er á starfsemi milli hæða þar sem svæði barna eru á efri hæð en starfsmannarými á þeirri neðri.

Aðalinngangur er úr austri frá bílastæðum og þar er aðkoma foreldra og barna fyrir allar deildir. Stórt, fjölbreytt og spennandi rými sem nýtist sem viðbót við leikstofur til leiks og starfs tekur við þegar inn er komið. Rýmið krefst hinsvegar góðrar skipulagningar þegar kemur að umferð foreldra og barna í útiskóm í öllu rýminu. Dómnefnd hefur efasemdir um þá lausn að öll börn þurfi að fara um inngang til norðurs flesta daga ársins til að fara beint út á leiksvæði innan girðingar.

Leikstofum er haganlega raðað um innrýmið en tvær leikstofur sem eru í tveggja hæða hluta njóta þó ekki beinnar tengingar við leikskólalóð sem er ókostur.

Starfsmannarými á neðri hæð með sérinngangi, eru ágætlega skipulögð. Þó er staðsetning eldhúss óheppileg því það er í tillögunni vinnusvæði án dagsbirtu og í óþægilega mikilli fjarlægð frá mataraðstöðu barna á efri hæð.

Meginhugmynd tillögunnar og hennar helsti styrkur er stórt grasi lagt þak sem brotið er upp með ólíkum þakgluggum. Þakgluggarnir ýmist hringlaga op eða uppbrot sem sækja birtu í ólíkar áttir, gefa byggingunni sérstöðu og skapa fjölbreytt, spennandi og björt rými. Efnis- og litaval byggingarinnar er sannfærandi og styður við markmið um sjálfbærni í skipulagi Urriðaholts.

Leikskólalóðin er sérstaklega vel unnin, með heildstæða formköpun sem nýtist vel til að afmarka ólík og spennandi leiksvæði. Hugmyndir um leiktæki, litaval og gróðurval í þessum mjúku línun virka sannfærandi. Dómnefnd hefur þó efasemdir um tjörn innan leikskólalóðar.

Flott einföld heildarhugmynd með nokkrum hnökrum í aðkomum og innra fyrirkomulagi. Vel unnið lóðarskipulag.



3. VERÐLAUN - Tillaga nr. 2.

INNKAUP

TILLAGA NR. 1 AUÐKENND: 17417

HÖFUNDAR: KRADS / ANDREW BURGESS

Tillagan fellur vel að landi og lóð og er byggingin miðjusettt á lóðinni með grænu leiksvæði sem trappast niður til suð-vesturs. Þá er ákveðinn kostur að snúa byggingarhlutum í suður með útsýni yfir Urriðavatn í stað þess að snúa að verslunarsvæði Kaupþúns. Gert er ráð fyrir aðgengilegum þökum með gördum og grænum svæðum og fellur það vel inn í hugmyndafræði deiliskipulags Urriðaholts.

Byggingin er nokkuð sannfærandi í útliti og tillagan sýnir áhugaverða nálgun í utanhús klæðningum, efnisvali og uppbroti í formi.

Skipulag byggingarinnar er nokkuð einfalt með 4 deildum á jarðhæð og 2 deildum á neðri hæð. Þá er einn inngangur frá bílastæðum inn á deildirnar sem hefði mátt skipta upp í amk.tvo innganga til að það myndist ekki örtröð á háannartímum leikskólans. Þak hússins er með gróðri og þakgluggum sem veita dagsbirtu inn í alrýmið á jarðhæð.

Efri hæðin er með 4 deildum og aðskildri starfsmannaaðstöðu sem þykir kostur. Þá er ákveðinn galli að þurfa að ganga í gegnum deild til að komast að innri deild og þykir það ókostur í rekstri leikskóla. Starfsmannaaðstaðan er nokkuð vel leyst með gangi sem opnast að inngörðum og veitir dagsbirtu inn í húsið fyrir miðju. Á neðri hæð er fjölnotasalur sem hefði mátt skoða að hafa á efri hæð. Þó er eldhús og bakrými nokkuð vel leyst og setutröppur sem tengja hæðirnar saman geta nýst vel til samkomuhalds.

Lóðinni er skipt upp í fjölbreytt leiksvæði við neðri hæð hússins. Útileiksvæði er á þaki neðri hæðar og tengist jarðhæð. Dómnefndin telur ákveðinn galla að deildir efri hæðar tengjast ekki beint við aðal útileiksvæði lóðar nema um rennibraut og tröppur. Lóðin er hönnuð með náttúrulegu yfirbragði sem þykir kostur og sýna útlitsmyndir nátturlegt efnisval og holtagróður sem getur tengst á náttúrulegan hátt umverfi lóðarinnar. Það hefði mátt lýsa lóðinni betur og hönnun hennar í greinargerð.

Tillagan er vel framsett með aðlaðandi útliti og byggingu sem fellur vel að lóð. Deildir leikskólans eru skipulagðar með gegnumgang og þykir það ókostur. Spannandi hugmyndir í lóðarhönnun mætti bæta með betri tengslum milli hæða.



INNKAUP, tillaga nr. 1.

TILLAGA NR. 3 AUÐKENND: 70107
HÖFUNDUR: SIGURÐUR STEFÁN KARLSSON

Tillagan er bygging á einni hæð með efri hæðarpöllum í nokkrum rýmum. Byggingin er nokkuð einföld og með ákveðin módul-takt sem er brotinn upp og formin dregin til hliðar sem skapar ákveðið uppbrót í heildarmassa hússins. Útlit hússins og efnisval er nokkuð hefðbundið og fannst dómnefndinni of dauft yfirbragð yfir útlitshönnun leikskólans. Skipulag byggingarinnar er frekar hefðbundið með einum aðalinngang sem er ákveðinn ókostur á helstu álagstímum leikskólans. Deildir snúa allar að útisvæði sem er jákvætt og tengjast saman um tengigang. Sá gangur mætti vera opnari og þykir helst til þröngur. Efri pallar inni á deildum með einföldum stiga þykir ekki góð hugmynd fyrir leikskóladeildir, þar getur skapast slyshætta. Uppröðun rýma er ágæt, fyrirkomulag hentugt en þó frekar hefðbundið og einfalt eins og grunnmynd byggingarinnar í heild sinni.

Leikskólalóðin er heldur lítið unnin og sýnir ákveðnum svæðum dreift víða um lóðina, ekki er sýnt fram á miðlægt leiksvæði og hefgetur þessi dreifing á leiksvæðum haft neikvæð áhrif á yfirsýn og öryggi barna leikskólans.

TILLAGA NR. 4 AUÐKENND: 210424
HÖFUNDAR: MOBO ARCHITECTS

Tillagan byggir á, eins og höfundar lýsa, að fanga landslagið í stóru grænu þaki sem rýs upp úr landslaginu. Bogaformað þakið með stórum þakglugga eftir endilöngum mæni yfir einnar hæða byggingu, er meginhugmynd tillögunnar. Aðalanddyri er á miðri austurhlið og er aðkoman um tröppur og rampa frá bílastæði. Stórt ganga- og miðrymi undir mænisglugganum er nýtt sem fjölnotarymi sem skapar fjölbreytta möguleika fyrir leik og starf en hefði mátt skipta upp í mismunandi rými.

Heimasvæði leikskólans snúa öll til vesturs að leiksvæðinu sem er kostur. Uppröðun rýma er ágæt, fyrirkomulag hentugt en þó frekar hefðbundið og einfalt eins og grunnmynd byggingarinnar í heild sinni.

Leikskólalóðin er lítið unnin en gefur þó ágæta tillfinningu fyrir fjölbreyttum möguleikum á stóru samhangandi útirými. Efnisval er áhugavert en zinkklæðning fellur ekki að markmiðum deiliskipulags hverfisins.

TILLAGA NR. 6 AUÐKENND: GLAÐHOLT HÖFUNDAR: ARKITEKTASTOFAN OG

Tillagan byggir á uppbrotinu þaki sem svífur yfir innri aðalgötu sem fær dagsbirtu um gluggaband sem liggur milli þaks hefðbundinna leikskólarýma og þessa svífandi þaks yfir gangi og torgum skólans. Aðalgatan er brotin upp og myndar fjölbreytta upplifun þegar ferðast er um hana. Heimasvæði leikskólans snúa öll til vesturs að leiksvæðinu og eru ágætlega leyst á frekar hefðbundinn máta. Sameiginleg rými og kennararými snúa að bílastæði og taka á sig ýmis form í grunnmyndinni án skiljanlegrar ástæðu í heildarmyndinni, að mati dómnefndar.

Leikskólalóðin er lítið unnin en gefur þó ágæta tillfinningu fyrir fjölbreyttum möguleikum á stóru samhangandi útirými.

Efnisval er fjölbreytt í steypu, timbri og með torfþaki, kryddað með litum á gluggum – mismunandi eftir deildum. Þessa fjölbreyttu útlitsmynd byggingarinnar hefði mátt róa aðeins að mati dómnefndar.

TILLAGA NR. 7 AUÐKENND: HOLTABREKKA HÖFUNDAR: URA, YVES MALYSSE / KIKI VERBEECK OG STUDIO VULKAN LANDSCHAFTS-ARCHITEKTUR

Tillagan sýnir byggingu á tveimur hæðum og með jarðhæð í tveimur hæðarkótum. Þá er inngangshæðin á milli efri og neðri hæðar með tengingum um stiga. Ákveðin ókostur er að hafa leikskólann á mismunandi hæðum en starfsmannaaðstaðan er nokkuð vel staðsett á efri hæð. Skipulag byggingarinnar er nokkuð einfalt og er gert ráð fyrir einum aðalinngangi sem mætti skipta upp í tvo innganga þar sem umferð fyrir 6 deilda leikskóla getur orðið mjög mikil á háannar tímum, betra hefði verið að hafa tvo innganga. Byggingin er nokkuð hefðbundin í útliti og sýnir steipt hús og þótti dómnefnd nokkuð áhugaverð nálgun á efnisvali, sérstaklega innanhúss þar sem vísað er til skynþroska og mismunandi efnisvals.

Leiksvæði leikskólans er sýnt með náttúrulegu yfirbragði og nýtir halla lóðarinnar ágætlega. Tillöguna hefði mátt vinna aðeins lengra og sýna betur virkni leiksvæða því að hugmyndin að náttúrulegu leiksvæði er áhugaverð.

TILLAGA NR. 9 AUÐKENND: SUMAR HÖFUNDUR: MAGNÚS JENSSON ARKITEKT

Tillagan Sumar sýnir niðurgrafna byggingu á einni hæð. Byggingunni er snúið til suðurs og er aðkoman að ofanverðu frá bílastæðum um rampa, stiga og lyftu. Ákveðinn galli er að hafa bara einn inngang að 6 deilda leikskóla þar sem umferð getur verið mikil á háanna tímum. Frá inngangi er komið niður í opið alrými og tengjast deildirnar opna rýminu, þó vantar að sýna betur virkni þessara rýma með innréttingum og húsgögnum í kvarða. Starfsmannaaðstaða er skipulögð í norður enda lóðar og aðeins úr tengslum við leikskólann. Þá er talið að of margir fermetar fara í umferðarrými ganga.

Lóðarhönnun og skipulag leiksvæði hefði mátt vinna lengra en ekki er hægt að dæma útisvæði leikskólans þar sem ekki eru sýnd leiktæki, leiksvæði, stígar eða aðrar innréttingar útisvæðisins.

TILLAGA NR. 10 AUÐKENND: ÞRÍHNÚKAR HÖFUNDAR: STUDIO 4A (Brynjar Darri Baldursson, Caterina O. Decker, Ólafur B. Jónsson Og Walter Hjaltested)

Tillagan byggir á einnar hæðar húsi með 3 höttum eins og höfundar kalla það, eða upphækkunum sem veita birtu inn í djúpa bygginguna, auk þess að hýsa 3 leikloft, hvert þeirra sameiginlegt fyrir 2 deildir. Bílastæði eru lítillaga niðurgrafin en eru við það í plani við bygginguna sem virkar vel í tillögunni. 5 inngangar eru á austurhlið, 4 fyrir börn og einn fyrir starfsmenn.

Innra fyrirkomulag er ágætlega unnið en löng leið fyrir börnin er frá fatahólfum yfir leikrými eða sal út á lóð sem er galli í tillögunni að mati dómnefndar. Heimasvæði eru djúp sem er ókostur og er sá hluti deilda sem nýttur er m.a. fyrir hvíld, eingöngu með dagsbirtu um þakglugga. Notkun hringstiga í tillögunni er ekki heppileg að mati dómnefndar.

Lóð er fremur lítið unnin en sýnir fram á ágæta möguleika til fjölbreyttrar notkunar. Lærdómssetur á þaki með gróðurhúsi og gróðri er áhugavert í tillögunni.

Garðabæ 28. maí 2021:


Áslaug Hljóðfarnardóttir, formaður dómnefndar


Hrefna Gunnarsdóttir


Kristjana Fjóra Sigursteinsdóttir


Freyr Frostason


Sigurður Einarsson



GARÐABÆR